

**Nd.**

**606. Nefndarálit**

**[186. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin ræddi þetta viðamikla mál á einum fundi, en ekkert tóm gafst til efnislegrar athugunar á því, fremur en á öðrum stórmálum, sem kastað er nú inn í þingið og flaustrað af rétt fyrir þingslok.

Meiri hluti nefndarinnar, þeir Gunnar Gíslason, Benedikt Gröndal, Jónas Pétursson, Ágúst Þorvaldsson og Sverrir Júlíusson, vill samþykkja frumvarpið óbreytt. Björn Pálsson áskilur sér rétt til að bera fram breytingartillögur við frumvarpið eða fylgja öðrum, sem fram kunna að koma.

Undirritaður leggur til, að frumvarpið verði fellt.

Meginefni frumvarpsins er það að endurvekja hið svonefnda sex-manna nefndar kerfi um verðlagningu landbúnaðarvara.

Komi það fyrir, að einhverjir þeirra aðila, sem rétt eiga til að tilnefna menn í sex-manna nefnd, notfæri sér ekki þann rétt, skal landbúnaðarráðherra skv. frumvarpinu tilnefna mann eða menn í nefndina fyrir samtök framleiðenda, en félagsmálaráðherra, ef samtök neytenda hafa ekki notað tilnefningarréttinn.

Ég er andvígur þessu verðlagningarkerfi. Tel það hvorki til heilla horfa fyrir bændur né neytendur.

Ég tel það óeðlilegt með öllu, að samtök erfiðismanna í bæjum og kaupúnum séu lögskipaðir samningsaðilar móti erfiðismannastétt dreifbýlisins, bændunum. En þannig er sex-manna nefnd skipuð, og þannig hefur hún starfað.

Þetta er jafnóeðlilegt og að verkamenn ættu að lögum fulltrúa við samningaborð móti opinberum starfsmönnum, eða hið gagnstæða, að fulltrúum bænda eða opinberra starfsmanna væri með lögum skipað að samningaborði móti verkamönnum til þess að hafa þar áhrif á launakjör þeirra til lækkunar. Slíku mundu verkamenn auðvitað vísa á bug sem hreinni fjarstæðu.

Auk alls annars er kerfi þetta byggt á augljósri hugsanavillu. Bændum er skipað annars vegar — verkalýðssamtökunum hins vegar sem umboðsaðila andstæðra hagsmuna. Þetta er rangt með öllu. — Hagsmunir verkamanna og bænda eiga í flestu samleið.

Hið rétta er, að annars vegar er framleiðslustéttin, bændurnir, og hins vegar þjóðin öll sem neytendur. Fyrir hana er enginn sjálfsagðari aðili til en ríkisstjórnin — ill eða góð — á hverjum tíma.

Hvergi í löndum hefur til þess spurzt, að verkalýðssamtök eigi samningsaðild gagnvart bændum um launakjör þeirra eða verðlagningu landbúnaðarvara. Hins vegar er kunnugt, að í flestum nágrannalöndum okkar er verðlagning landbúnaðarvara einmitt ákveðin með frjálsum samningum milli bændasamtaka og ríkisstjórnar.

Þannig er þetta í Danmörku.

Í Englandi eru bændum tryggðar lágmarkstekjur, er svari meðaltekjum í þjóðfélaginu. Ákveður ríkisstjórnin verðið miðað við verð á innfluttum landbúnaðarafurðum frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi. En það, sem á vantar, að meðaltekjum verði náð, greiðir ríkið sem uppbætur á sláturgrip.

Í Noregi eru bændur skipulagðir í tvennum samtökum, Norges bondelag og Noregs bonde- og småbrukarlag.

Þessi samtök semja við fulltrúa úr fjármálaráðuneytinu, og hefur það skipulag gilt síðan 1947.

Til grundvallar þessum samningum liggur ákvörðun Stórþingsins um, að bændum skuli tryggðar sömu tekjur og öðrum þjóðfélagsþegnum. Um leið og samið er um verðlagið, er samið um ýmiss konar stjórn málaaðgerðir fyrir landbúnaðinn.

Til er það í Noregi, að þeim bændum, sem búa í landshlutum, þar sem landbúnaður á erfitt uppdráttar frá náttúrunnar hendi, svo sem sums staðar í Norður-Noregi, sé greitt umfram hið samningsbundna verð, svonefndar erfiðleikabætur (vansketillegg). Þá eru smábændur hvattir til að stækka bú sín, svo að þau verði hagkvæm rekstrareining með viðbótargreiðslum frá ríkinu, „smábrukartillegg“.

Þetta virðast vera skynsamlegar aðferðir til að jafna aðstöðu landbúnaðarins og lyfta honum á arðvænlegra rekstrarstig.

Að sínu leyti er íslenska kerfið, sem engu sinnir, nema verðhækkunum á framleiðslueiningu, jafnóskynsamlegt. Hvort sem mjólkin eða kjötið er hækkað um 10 eða 20%, getur það aldrei skipt sköpum fyrir smábóndann. Hann fær í sinn

hlut aðeins örlitinn hluta þeirra hundraða milljóna, sem ríkið greiðir í niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur. Það er stórbóndinn, sem bezt er settur og ekki er hjálparþurfi, sá, sem mest er búinn að rækta og stærstan hefur bústofninn, sem fær obbann af öllu því fjármagni, sem ríkissjóður greiðir til landbúnaðarins, meðan gamla verðlagskerfinu er fylgt.

Þetta er óheppilegt og óskynsamlegt af tveimur ástæðum: Smæstu búin eru óhagkvæm. Búi smábóndinn á býli, sem framtíðarskilyrði hefur, á ríkið að veita honum sérstaka aðstoð til að koma bústærðinni í hagkvæmt horf. Búi hann hins vegar á örreytiskoti, sem ekki getur talizt framtíðarbújörð, á ríkið að kaupa hana fullu verði. Til þessa hvors tveggja væri ríkisé vel varið.

Í annan stað sýna nýjustu athuganir, að bú tekur aftur að skila minna arði á framleiðslueiningu, er það hefur náð vissri stærð. — Þegar bú hefur náð þeirri stærð, ættu ríkisframlög að fara minnkandi og jafnvel falla niður að lokum. Að öðrum kosti er bóndans freistað til að halda áfram bústækkun, þótt það sé bæði sjálfum honum og þjóðfélaginu óhagkvæmt.

Þannig verkar sex-manna nefndar kerfið, sem slitur verðlagningu búvaranna miðað við framleiðslueiningu úr tengslum við alla aðra efnahagsþætti landbúnaðarins. Slíkt er óskynsamlegt, ekki sízt þegar um offramleiðslu er að ræða, eins og nú er ástatt hér á landi.

Ég hef lagt frumvarp til laga um heildarlausn þessara mála fyrir þingið. Það fjallar um skipulagningu Stéttarsambands bænda og samningsrétt þess gagnvart ríkisvaldinu um verðákvörðun landbúnaðarvara og aðra efnahagslega þætti, sem máli skipta fyrir kjör bænda. Það frumvarp hefur einnig ákvæði að geyma um Kjararannsóknarstofnun bænda, um Rannsóknar- og eftirlitsnefnd með vörudreifingu landbúnaðarins og dreifingarkostnaði á landbúnaðarvörum, — um framleiðslu-áætlanir, Útflutningsráð landbúnaðarins og fleira. Það frumvarp hefur þegar verið kynnt landbúnaðarnefnd, og legg ég til, að það verði samþykkt.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar um breyting á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. legg ég til að verði fellt.

Alþingi, 27. apríl 1966.

Hannibal Valdimarsson.